

Nd.

SS. Frumvarp

til laga um landnámssjóð Íslands.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

1. gr.

Af tekjum rikissjóðs skal leggja árlega 100 þús. kr. í sjóð, er nefnist landnámssjóður Íslands.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að fjölga sjálfstæðum býlum í landinu með því:

- a. að leggja fram fje til að byggja upp nýbýli á landi, sem er í eign sveita eða bæja, eða í einkaeign.
- b. að byggja upp nýbýli á landi, sem ríkið á eða kaupir í því skyni.

3. gr.

Skilyrði fyrir framlagi úr sjóðnum til nýbýla eru :

- a. að landið, sem býlið er reist á, geti, að dómi þar til kvaddra hæfra manna, veitt fjölskyldu viðunandi skilyrði til framfærslu, þegar það er komið í hæfilega rækt.
- b. að byggingar samsvari landinu að stærð og dýrleika og sjeu gerðar úr varanlegu efni og í þjóðlegum stíl.

4. gr.

Framlög, er veitt verða til nýbýla á landi, sem ekki er rikiseign, skulu veitt gegn ævarandi afgangskvöð af býlinu, er svari til 2% vaxta af framlaginu, og sje býlið með óskertum 1. veðrjetti að veði fyrir skilvisri greiðslu afgangskvaðarinnar og kostnaði, er leiða kann af vanskilum. Þó skulu þau vera afgangslaus fyrstu 10 árin, á meðan landið er að komast í rækt.

5. gr.

Framlög til nýbýlabygginga skulu — eftir því sem fjármagn sjóðsins hrekkur til — sitja fyrir nýbýlabyggingum rikissjóðs á meðan nægar umsóknir eru um þau. Sjeu umsóknir ónógar, skal ríkið láta reisa nýbýli, eftir því sem fjármagn hrekkur til, og leigja þau út eða selja, sbr. 6. gr.

6. gr.

Nýbýli, sem reist verða með framlagi úr landnámssjóði, skulu seld á leigu á venjulegan hátt til lífstiðar, eða á erfðaábúð, sje þess óskað.

7. gr.

Upphæð framlags til bygginga á nýbýlum, sem reist verða á landi, sem ekki er rikiseign, má nema allt að $\frac{4}{5}$ af áætluðu verði bygginganna, eftir áætlun, sem stjórn sjóðsins samþykkir.

8. gr.

Eigandi eða ábúandi lands, sem nýbýli hefir verið reist á með framlagi úr landnámssjóði, á jafnan rjett á að innleysa afgangskvöðina með 50-faldri upphæð hennar. Samskonar innlausnarrjett á ábúandi nýbýlis, sem að öllu er rikiseign, með þeim kjörum, að afgangið sje reiknað til stofnljár með lágum rentufæti.

9. gr.

Innleystar árlegar afgangskvaðir, svo og andvirði seldra afgangskvaða og nýbýla, renna í landnámssjóð.

10. gr.

Handbært fje sjóðsins skal jafnan standa á vöxtum í þjóðbanka Íslands eða í jarðræktarbrjefum.

11. gr.

Sjóðurinn er undir stjórn ræktunarsjóðs Íslands.

12. gr.

Nánari reglur um sjóðinn setur ríkisstjórnin með reglugerð.

Greinargerð.

Fólksstraumurinn frá sveitum til bæja er alþekt staðreynd og er alment talinn eitt af þjóðarmeinum undanfarins og yfirstandandi tíma. Flestar eða allar nágrannaþjóðir vorar hafa nú hafist handa til að vinna á móti þessum straum. Hjá oss er engu betur statt í þessu efni en í öðrum löndum. Fólksstraumurinn úr sveitunum hefir verið svo ör nú um hrið og tæming sveitanna að fólksfjöldi svo augljós, að telja má líklegt, að flestir eða allir sjeu sammála um, að hefjast þurfi handa til viðnáms frekar en enn hefir verið gert, og enda jafnvel að breyta fólksstraumnum í gagnstæða átt. Að því miða aðgerðir síðustu ára til eflingar ræktun landsins. En þær ráðstafanir hafa ekki reynst fullnægjandi. Virðist því sem frekari aðgerða þurfi við.

Tillögur hafa komið fram, er miða að því að gera mönnum kleift að nema landið á ný (byggingar- og landnámsfrv. 1. landsk. þm. J. J.), en þær tillögur hafa ekki getað fengið nægilega samfelt fylgi á Alþingi. Hjer eru með frv. þessu lagðar fram tillögur nokkuð frábrugðnar þeim fyrtöldu að efni og formi, ef vera mætti, að þær gætu sameinað menn betur til fylgis við meginatriði þessarar hugmyndar.